

---

# Gaukurinn

Fréttabréf  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



---

Árg. 3 tbl. apríl 2021



Hestfjall; elsta deild leikskólans sinnir hér vorverkunum og virðist njóta þess í botn. Framkvæmdir í Brautarholti ganga vel, en flutningur leikskólans í húsnæði sitt þar er fyrirhugaður dagana 3.,4., og 7. júní nk.

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

## Tímamót

Vorkveðja frá  
oddvita Sveitarstjórnar



Nú eru ákveðin tímamót í  
Skeiða – og Gnúpverjahreppi.  
Kristófer A. Tómasson  
sveitarstjóri síðustu níu ára  
hefur sagt starfi sínu lausu.

Sveitarstjórastarfið er erilsamt starf og lýjandi. Það er því  
skiljanlegt að menn ákveði að hætta störfum.

Ég vil þakka Kristófer samstarfið í þessi níu ár, en ég hef verið  
oddviti sveitarstjórnar þennan tíma að undanskildum fyrstu átta  
mánuðunum.

En maður kemur í manns stað. Strax og það fréttist að Kristófer  
væri að hætta fóru menn að bjóða sig fram til að taka við starfinu.  
Í þeim hópi eru m.a. reynsluboltar í sveitarstjórnarmálum. Þeir  
vita sem til þekkja að Skeiða og Gnúpverjahreppur er öflugt  
sveitarfélag.

Það verður ákveðið á fundi sveitarstjórnar þann 21. apríl hvaða  
leið verður farin við ráðningu nýs sveitarstjóra.

Verkefni eru næg og möguleikarnir miklir. Vegna þess að  
útgjöld hafa aukist umfram tekjur síðastliðin ár þurfum við aðeins  
að vera á bremsunni þannig að útgjöld aukist ekki sem neinu  
nemi milli ára og eða að auka gjaldtöku.

Alger endurnýjun hefur orðið á skrifstofu Skeiða – og  
Gnúpverjahrepps þegar að nýr sveitarstjóri verður kominn til  
starfa. Á síðasta ári voru ráðnir tveir starfsmenn á skrifstofuna í  
stað Dúddu og Kiddu. Þetta eru þær Hrönn og Silvía.

Ég vil þakka þeim Dúddu og Kiddu samstarfið á liðnum árum um leið og ég býð þær Hrönn og Silvíu velkomnar.

Þegar að þetta er skrifað er snjófól á jörðu en við vitum að vorið er komið það fer hlýnandi og gróðurinn vex og dafnar.

Björgvin Skafti Bjarnason

## Hvað er á döfinni?

Ha! ..... göngu og skokk hvað?



Í maí verður haldið uppsveita námskeiðið: „Komast af stað“, og er það göngu og skokk námskeið sem fer að mestu fram í netheimum. Þátttakendur skrá sig í lokaðan fésbókarhóp og fá leiðbeiningar í formi myndbanda sem hjálpa fólki að koma af stað með reglubundna hreyfingu eftir Covid. Snúum vörn í sókn og hvetum aðra til að vera með.

Gjafabréf verða í boði fyrir nokkra heppna sem skrá sig og klára námskeiðið. Hluti af námskeiðinu verður tengt virkri þátttöku með því að nota appið Strava til að skrá hreyfingu hvers og eins.

Hver og einn tekur þátt út frá sínum forsendum og markmiðið er að bæta heilsu sína. Fyrir þá sem það vilja þá endar námskeiðið á göngu- og skokkviðburði á Flúðum, þann 29. Maí: Miðfells áskorunin með 3, 5 og 10 km göngu/skokk leiðum. Verður þú með? Meira um þetta á fésbókarhópnum:

**Heilsueflandi Uppsveitir.**

# Sumarstörf í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

## Starfskraft vantar í sundlaugar sveitarfélagsins í sumar

Um er að ræða 50% starf, tímabilið 15. júní - 15. ágúst. Unnið er aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og sækja námskeið í skyndihjálp og björgun sem haldið verður 7. maí nk.

Einnig vantar starfsfólk sem getur tekið stakar vaktir.

Upplýsingar gefur Eypór í síma 897-1112, eða eythorb@gmail.com

## Umsjónarmaður vinnuskóla

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir umsjónarmanni með vinnuskóla sveitarfélagsins og önnur tilfallandi verkefni. Ráðningartími er frá og með 1 júní til og með 20. ágúst 2021.

Helstu verkefni:

Umsjón og verkstjórn í vinnuskóla ungmenna.

Tilfallandi verkefni í áhaldahúsi og á sorpgámasvæði.

Hæfniskröfur:

Lipurð í samskiptum

Stundvísi

Hreint sakavottorð

Ökuréttindi BE sem veitir réttindi til að stjórna ökutæki með kerru allt að 3.500 kg

Laun greidd samkvæmt kjarasamningum FOSS. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi 30. apríl 2021

## Vinnuskóli sveitarfélagsins

Ungmönnum með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fædd 2006 og 2007 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Vinnuskólinn hefst 7. júní og stendur í um það bil 9 vikur eða til og með 5. ágúst. Unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud. Kl. 08:00 - 14:00. Ungmennunum er þó skylt að taka frí eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta. Ef fjöldi vinnufólks verður meiri, verður starfstíminn skipulagður með það í huga. Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga, að vinna eftir samkomulagi.

Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Skráning fer fram hjá Hrönn Jónsdóttur á skrifstofu, netfang [hronn@skeidgnup.is](mailto:hronn@skeidgnup.is) sími 486-6100

## Sumarstarf við Ferðapjónustuna í Árnesi

Óskum eftir hressu fólki til að vinna með okkur í sumar við ýmis störf ferðapjónustu. Erum með veitingarstaðinn Brytann, gistiheimilið Nónstein og Tjaldsvæðið í Árnesi og vantar okkur einhvern sem er til i að eiga skemtilegt sumar með okkur. Upplýsingar um störf má fá í gegnum netfangið [arnes@islandi.is](mailto:arnes@islandi.is) eða í síma 6984342 – Þórður.

## Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja sem frestað var vegna samkomutakmarkana í lok mars verður haldinn í Árnesi **Þriðjudaginn 27. apríl klukkan 20:00**. Lagðar verða fyrir fundinn þær tillögur að lagabreytingum sem auglýstar voru í fréttabréfi sveitarfélagsins í mars. Vegna þeirra samkomutakmarkana sem nú eru í gildi eru þeir sem taka ætla þátt beðnir um að tilkynna þáttöku á fésbókarsíðu Búnaðarfélagsins eða með símtali til stjórnarmanna.

Aðalfundur fyrir starfsárið  
2019

Dagskrá

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosningar

Kaffihlé

Aðalfundur fyrir starfsárið  
2020

Dagskrá

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Lög félagsins
4. Kosningar
5. Önnur mál

## Aðalfundur Búnaðarfélags Skeiðamanna

Aðalfundur Búnaðarfélags Skeiðamanna verður haldinn í Bókasafninu í Brautarholti miðvikudagskvöldið **28. apríl Kl. 20.30**

Dagskrá

Skýrsla stjórnar  
Ársreikningar 2019 og 2020  
Kosningar  
Önnur mál

Stjórn Búnaðarfélags Skeiðamanna

## Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja sem frestað var vegna samkomutakmarkanna verður haldinn í fundarherbergi Sveitarfélagsins **Þriðjudagskvöldið 20. apríl nk. kl. 20.30**. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk ársreikninga fyrir árin 2018, 2019 og 2020. Hvetjum alla félagar til að mæta en tökum fram að allir sem áhuga hafa á landbótum eru velkomnir.

Stjórn Landbótafélags Gnúpverja

## Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

Aðalfundur kvenfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi 26.apríl nk. kl. 19:30

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Tökum fagnandi á móti nýjum félögum.

Stjórnin

## Aðalfundur Félags Eldriborgara í Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Aðalfundur Félags Eldriborgara í Skeiða- og Gnúpverjahrepp verður haldinn **föstudaginn 30. apríl nk. Kl. 14.00** í Árnesi. Hefðbundin aðalfundarstörf. -Nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin

## Sundleikfimi Eldriborgara

Sundleikfimi fyrir eldriborgara verður haldin í Skeiðalaug nokkra fimmtudaga nú í vor. Námskeiðið hefst þann 29. apríl nk. og verður svo haldið dagana 6., 20. Og 27. maí kl. 16.30.



Úr Þjórsárdal